



Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala

1.tbl 2022

Útgefandi: Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala
Ritstjórn: Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
Yfirlestur: Þorgerður Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri
Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala

Í þessu fréttabréfi verður fjallað um starfsemi fagraða í hjúkrun og ljósmóðurfræði á Landspítala veturinn 2021 - 2022, en fagraðin eru mynduð utan um sérgreinar innan fagsins og eru samstarfsvettvangur spítalans og Hjúkrunarfræðideildar HÍ.

Fjórtán fagrað í hjúkrun og ljósmóðurfræði starfa nú á Landspítala (sjá mynd) en meginhlutverk þeirra er að móta stefnu um rannsóknir, kennslu og þróun innan sérgreina hjúkrunar.

Heimsfaraldur Covid hefur haft mikil áhrif á starfsemi fagraða í hjúkrun og ljósmóðurfræði undanfarin ár, en eins og sjá má á þessu fréttabréfi var samt unnið ötullega að gæðamálum, stefnumótun, rannsóknum og mörgu fleira. Fagrað í hjúkrun og ljósmóðurfræði eru nauðsynlegur vettvangur fyrir samtal og samráð sem síðan skilar sér í meiri fagmennsku og betri þjónustu við sjúklinga.

Fagrað í hjúkrun og ljósmóðurfræðum á Landspítala

• Meðferðarsvið

- Lyflækninga- og bráðþjónusta
 1. Fagrað hjúkrunar á lyflækningakjarna
 2. Fagrað bráðahjúkrunar
- Öldrunar- og endurhæfingþjónusta:
 3. Fagrað öldrunarhjúkrunar
 4. Fagrað endurhæfingarhjúkrunar
- Geðþjónusta
 5. Fagrað geðhjúkrunar

• Framkvæmdastóri hjúkrunar

6. Fagrað hjúkrunarstjórnununar
7. Fagrað fjölskylduhjúkrunar

• Aðgerðasvið

- Skurðlækningar
 8. Fagrað hjúkrunar aðgerðasjúklinga
- Skurðstofur og gjörgæsla
 9. Fagrað skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar
- Krabbameinsþjónusta
 10. Fagrað í krabbameinshjúkrun
- Hjarta og æðþjónusta
 11. Fagrað hjúkrunar hjarta- og æðasjúklinga
- Kvænna og barnaþjónusta og BUGL
 12. Fagrað barnahjúkrunar
 13. Fagrað um kynheilbrigði í hjúkrun
 14. Fagrað ljósmæðra

Fagrað í hjúkrun og ljósmóðurfræðum á Landspítala 2022

Fagrað barnahjúkrunar

- Stjórn fagraðs barnahjúkrunar hittist reglulega á hádegisfundum.
- Haldnir voru þrjár fundir alls fagraðsins. Á þeim var fjallað um framtíðar þörf fyrir sérfræðinga í barnahjúkrun (þarfagreining), verkefnisáætlun og svo var sameiginlegur fræðslufundur með fagdeild barnahjúkrunar hjá Fíh, en þar voru m.a. kynnt þróunarverkefni og meistaraverkefni í barnahjúkrun.
- Í mars 2022 var Vigdís Hrönn Viggósdóttir ráðin í stöðu sérfræðings í hjúkrun barna með krabbamein á 20E göngudeild barna. Hlutverk hennar er hjúkrun barna með krabbamein og fjölskyldna þeirra og þekkingarþróun á því sviði.
- Frá 2021 hafa nokkrir hjúkrunarfræðingar lokið meistaránámi í barnahjúkrun. Á 23D Vökudeild luku Guðrún Stefánsdóttir, Elín Gróa Guðjónsdóttir, Theja Lankathilaka, Birna Rut Aðalsteinsdóttir og Fanný B. Miiller Jóhannsdóttir meistaraprófi í gjörgæsluhjúkrun (fullorðnir-börn-nýburar) og frá 22E barnadeild lauk Gyða Valdís Guðmundsdóttir meistaraprófi í barnahjúkrun með áherslu á hjúkrun barna með hjartasjúkdóma. Af þessum hópi hófu Guðrún, Theja, Fanný og Gyða og starfsnám til sérfræðiviðurkenningar í janúar 2022.

- Stjórn fagráðs barnahjúkrunar skipa nú Elín Ögmundsdóttir, MS sérfræðingur í hjúkrun, 23D vökudeild (hættir haustið 2022), Elísabet Konráðsdóttir, MS sérfræðingur í hjúkrun, 20E göngudeild barna (hættir haustið 2022), Guðrún Kristjánsdóttir, PhD, forstöðumaður fræðasviðs í kvenna- og barnaþjónustu, Henný Hraunfjörð, MS, hjúkrunardeildarstjóri Rjóðri, Karitas Gunnarsdóttir, MS, 20D bráðamóttöku barna og Margrét Ó. Thorlacius, MHI hjúkrunarfræðingur/ljósmeðir, skrifstofu aðgerðasviðs formaður (hættir haustið 2022). Fanný B. Miller Jóhannsdóttir, MS, frá 23D vökudeild mun taka sæti Elínar Ögmundsdóttir frá haustinu 2022 en eftir er að finna fulltrúa fyrir Elísabetu Konráðsdóttur og Margréti Ó. Thorlacius. Starfs- og verkefnaáætlun fagráðs í barnahjúkrun má sjá á meðfylgjandi mynd.

Fagráð barnahjúkrunar á Landspítala – Starfs/verkefnisáætlun 2022-2024

Verkefni	Markmið	Tímaafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)	
Öryggismenning (atvik, lyfjaöryggi, örugg samskipti og yfirferla ábyrgðar, skráning o.fl.)				
1	Klínísk þekking/færni/hæfni sem byggir á gagnreyndum starfsháttum	Viðhalda klínískri þekkingu til að fara á milli deilda til stuðnings í bráðum aðstæðum. Námskeið í boði, hvatning og stuðningur að sækja (dæmi: EPILS).	2022-2023	Elín Ögmundsdóttir, Henný Hraunfjörð, Karitas Gunnarsdóttir
2	Öryggisvakning vikunnar og Öryggisvakning vikunnar á Vökudeild	Hefja úttekt á árangri á deildum/ starfseiningum. Skoða mögulegar leiðir og aðferðir. Nýta atvikaskráningu. Útkomubreytur (skoða).	2022-2023	Elín Ögmundsdóttir, Sigríður M. Atladóttir Ásamt reynsluboltum
3	Árangurs- og gæðavísar í barnaþjónustu	Gæðastaðlar Landspítala Kynna og skoða mögulega leiðir til innleiðingar gæðastaðla á deildum/starfseiningum	2022-2024	Fulltrúar í fagráði barnahjúkrunar Fulltrúar frá deildum/skipulagseiningum
Verkefni	Markmið	Tímaafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)	
Mannauður (hæfni, starfsþróun, nám og kennsla, sérhæfð fræðsla og þjálfun, o.fl.)				
1	Tilfellafundir í hjúkrun	Setja upp verklag og form	2022-2024	Guðrún Kristjánsdóttir
2	Innleiðing sérhæfðra hæfniviðmiða	Þróa/prófa notkun 1-2 viðmið í hverjum hæfniflokki (5 hæfniflokkar) fyrir nýliða/nýráðna	2022-2023	(Margrét Ó. Thorlacius fulltrúi aðgerðasviðs) Fulltrúar fagráðs Deildir
3	LMS kennsluefni	Flokka efni sem er til (yfirlit) Greina þörf fyrir efni	2022-2024	Karitas Gunnarsdóttir Fulltrúar fagráðs
4	Sérfræðingar í hjúkrun og starfsleyfi	Fjölga sérfræðingsstöðum með hliðsjón af þarfagreiningu	2022-2027	Elísabet Konráðsdóttir Oddný Kristinsdóttir Guðrún Kristjánsdóttir Deildarstjórar allra barnadeilda
5	Faghópar innan fagráðs barnahjúkrunar	Meta hvaða faghópar er þörf fyrir Greina og meta þörf, útfæra haust 2022	2022-2024	Stjórn fagráðs Deildarstjórar Fagráðið barnahjúkrunar
Verkefni	Markmið	Tímaafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)	
Þjónusta (þátttaka sjúklinga í meðferð, menningarhæf hjúkrun, fjölskylduhjúkrun o.fl.)				
1	Barnasáttmálinn	Aukin þátttaka barna í sinni eigin hjúkrun	2022-2025	Guðrún Kristjánsdóttir
2	Farsældarlög	Sambætting þjónustu í þágu barna	2022-2025	Henný Hraunfjörð
3	Þróa rafræn samskipti/ dagbók - Heilsugátt	Skilgreina þarfir eftir deildum og undirbúa hönnun	2022-	Guðrún Kristjánsdóttir fulltrúar deilda/starfseininga
Verkefni	Markmið	Tímaafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)	
Stöðugar umbætur (rannsóknir, verkferlar, gæðastarf, gæðarannsóknir, innleiðingar)				
1	Kynning á verklagsreglum og vinnuleiðbeiningum	Fagráðsfundur vettvangur kynninga fyrir útefin gæðaskjöl , ný gæðaskjöl , gæðaskjöl í vinnslu	2022 og árlega	Fulltrúar deilda/starfseininga sem vinna að gerð verklags- og vinnuleiðbeininga í barnaþjónustu (í samvinnu við gæðastjóra)
2	Rannsóknir í barnaþjónustu	Fagráðsfundur vettvangur kynninga á rannsóknum í barnaþjónustu (yfirlit yfir rannsóknir í barnaþjónustu)	2022 og árlega	Guðrún Kristjánsdóttir Anna S. Ólafsdóttir
3	Gæðastarf og gæðaverkefni (Gæðastefna Landspítala)	Fagráðsfundur vettvangur kynninga á gæðastarfi í barnaþjónustu (yfirlit yfir gæðaverkefni í barnaþjónustu)	2022 og árlega	Stjórn fagráðs heldur utanum
4	Málþing	Haldið að vori 2023 (undirbúningur fyrir vorið 2023)	2022-2023	Stjórn fagráðs barnahjúkrunar og fulltrúar fagráðsins
Verkefni	Markmið	Tímaafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)	
Annað				
1				
2				

Fagráð í bráðahjúkrun

- Haustið 2021 sendi Fagráð í bráðahjúkrun frá sér [yfirlýsingu](#) um viðvarandi ógn við öryggi sjúklinga á bráðamóttöku Landspítala til framkvæmdastjórnar spítalans og heilbrigðisráðuneytisins. Í yfirlýsingunni var bent á óeðlilega langan dvalartíma sjúklinga á bráðamóttöku fyrir innlögn á deild, ótta starfsfólks við að gera mistök og það að fagmennska og sérhæfing liði fyrir. Krafist var viðbragða strax. Áður höfðu hjúkrunarfræðingar á bráðamóttökunni sent [fréttatilkynningu](#) til fjölmiðla. Áskorun Fagráðsins vakti [athygli fjölmiðla](#) og í [samfélaginu](#) og má ætla að vandi starfseminnar sé nú flestum kunnur þó lausnin sé ekki í sjónmáli.
- Í árlegri *Viku bráðahjúkrunar* í nóvember var markmiðið að kynna sérgreinina bráðahjúkrun, hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku, sérhæfð verkefni þeirra, nýjustu þekkingu og verkferla auk þess að efla starfsandann meðal samstarfsfólks. Vegna heimsfaraldurs Covid sem þá hafði áhrif á starfsemi bráðamóttökunnar var lögð áhersla á rafræna viðburði: [blaðgrein](#), [kynningarmyndbönd](#) og fræðslu á [workplace](#)/innra neti starfsfólks.
- Fagráð í bráðahjúkrun vann að beiðni framkvæmdastjóra hjúkrunar þarfagreiningu fyrir fjölda sérfræðinga í bráðahjúkrun. Vinnuhópur fagráðs skilgreindi viðfangsefni, störf og þjónustu bráðahjúkrunarfræðinga út frá mismunandi skjólstæðingahópum og þar með þörf fyrir hæfni og vinnuframlag sérfræðinga. Fyrir skilgreinda markhópa bráðahjúkrunar og ofangreind viðfangsefni þarf sérfræðing til að sjá um gæðastarf og -ferla, rannsóknir og innleiðingu í klínískt starf, kennslu og fræðslu innan og utan deildar, ráðgjöf til sjúklinga, hjúkrunarfræðinga og þverfaglega. Æskilegur fjöldi stöðugilda sérfræðinga í bráðahjúkrun er átta samkvæmt þarfagreiningunni en nú eru hins vegar einungis þrír við deildina.
- Vinnuhópur um bættu og betri rafræna skráningu í bráðahjúkrun var skipaður að frumkvæði Fagráðs bráðahjúkrunar og er ljóst að þar er um mikið og þarft verkefni að ræða. Bæði þarf að gera upplýsingakerfin sjálf aðgengilegri og nútímalegri, t.d. með aukinni sjálfvirkni, betri samtengingum og notendavænna viðmóti en einnig þarf skráning hjúkrunar að verða skilvirkari, samræmdari og gefa möguleika á endurgjöf og gagnasöfnum. Vinnuhópurinn hefur fundað með fulltrúa HUT og [ICNP rannsókn- og þróunarsetursins](#) auk þess að sækja þar [málstofu](#) til að kynnast möguleikum sem [ICNP](#) skráningarkerfið býður upp á.
- Meðlimir Fagráðs bráðahjúkrunar leiðbeindu BS-nemendum sem gerðu [viðhorfskönnun til skráningar meðal hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökum](#) sem sýnir að þróunar og breytinga er þörf. Meðlimir Fagráðs í bráðahjúkrun tóku þátt í erlendu samstarfi á vegum [EuSEN](#), [ESNO](#) og [EUSEM \(birt grein\)](#). Einnig tóku meðlimir þátt í innlendum og erlendum ráðstefnum. Meðal annars hélt Ingibjörg Sigurþórsdóttir erindi á ráðstefnu EUSEM í Lissabon í október (sjá mynd) og Ágústa Hjördís Kristinsdóttir var með erindi á rafrænni ráðstefnu [EuSEN í maí](#). Einnig áttu meðlimir framlag á [Degi öldrunar](#), [Bráðadeginum](#) og [Hjúkrun 2022](#).
- Fagráð bráðahjúkrunar fór í heimsókn á hjartadeildina 14EG í vor og endurgalt Fagráð í hjartahjúkrun heimsóknina í júní. Þessar heimsóknir voru mjög lærdómsríkar og gagnlegar á báða bóga.
- Fagráðið fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og ýmis málefni eru tekin fyrir á fundum auk ofangreindra, svo sem: Sífelld mat á stöðu hjúkrunar á bráðamóttöku, meðal annars í samvinnu við gæðastjóra. Flæði sjúklinga um bráðamóttöku og samvinna við hlutaðeigandi deildir og stofnanir. Fræðsla, kennsla og móttaka nýliða á bráðamóttöku – hæfniviðmið í bráðahjúkrun [Leiðbeining](#) og þátttaka í BS og MS verkefnum í hjúkrunarfræði. Þátttaka í vinnuhópum og nefndum.
- Fagráð í bráðahjúkrun skipa: Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Dóra Björnsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Helga Rósa Másdóttir, deildarstjóri, Kristín Halla Marinósdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur, Sólveig Wium, aðstoðardeildarstjóri og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, formaður og forstöðumaður fræðasviðs í bráðahjúkrun.



Heimsókn á hjartadeildina



Vika bráðahjúkrunar

Fagráð hjartahjúkrunar

- Fagráð hjartahjúkrunar er skipað deildarstjórum, sérfræðingum í hjúkrun, meistaramenntuðum hjúkrunarfræðingum og faglegum leiðtogum á þeim starfseiningunum sem sinna hjartasjúklingum á hjarta- og æðakjarna.
- Í mars 2022 bættust við fagráð hjartahjúkrunar hjúkrunarfræðingar á hjarta-, lungna- og augnskurðeild 12G sem áður hafa tilheyrt fagráði hjúkrunar aðgerðarsjúklinga.
- Faghópar innan fagráðs hjartahjúkrunar skiptast eftir deildum og einingum: Hjartadeild 14EG, hjarta- og æðaþræðing, hjartagátt 10D, göngudeild hjartabilunar, göngudeild Kransæða, göngudeild hjartsláttartruflana, hjarta-, lungna- og augnskurðeild 12G.
- Fagráðið allt og stjórn fagráðs hjartahjúkrunar fundaði reglulega á starfsárinu 2021-22 og hélt einn vinnudag. Einnig hafa meðlimir stjórnar fagráðsins átt reglulega og gagnlega fundi með forstöðumanni kjarna. Í vetur hafa fundir og vinna fagráðs fyrst og fremst falist í vinnu við gerð sérhæfðra hæfniviðmiða, fjölbreyttum gæða- og þróunarverkefnum og þátttöku í þróun göngudeilda.
- Helstu verkefni fagráðs hjartahjúkrunar voru:
 - Öryggismenning
 - Farið var í átak í NEWS stigun á hjartadeild. Því verkefni er ekki lokið og eftirfylgd og úttekt á árangri verður gerð á næsta starfsári.
 - Átak var gert í notkun SBAR á hjartagátt.
 - Eftirlit og umræður um atvik á einingunum.
 - Mannauður
 - Tveir sérfræðingar í hjúkrun fengu stöðu við kjarnann: Hulda Halldórsdóttir og María V Guðmundsdóttir. Fagráðið mun halda áfram að stuðla að fjölgun sérfræðinga í hjúkrun. Helga Ýr Erlingsdóttir mun ljúka starfsnámi til sérfræðiviðurkenningar næsta vetur. Hildur Rut Albertsdóttir er nú þegar með sérfræðingsleyfi en ekki hefur verið auglýst staða. Það er því tækifæri til fjölgunar nú þegar.
 - Eftirlit og skráning á miðlægum hæfniviðmiðum hefur verið þróuð til að mæta þörfum hjartadeildarinnar.

- Unnið hefur verið að gerð sérhæfðra hæfniviðmiða fyrir hjartahjúkrun og liggja nú fyrir endanleg viðmið fyrir Nýliða og vinna við gerð viðmiða fyrir Vel á veg komna er langt komin.
 - *Eloomi* fræðsluefni er í stöðugri þróun og endurskoðun. Fræðsludagskrá miðar mikið til að því að undirbúningur fari fram á *Eloomi* og umræður og verkleg kennsla í staðnámi. Leiðbeiningar og verklag hefur einnig verið sett upp í *Eloomi* svo það sé aðgengilegt þegar á þarf að halda, eins og fyrir notkun Hig flow vélar, umbúðaskipti yfir picc línu o.fl.
 - Fræðsluáætlun er í þróun og tekur mið af hæfniviðmiðum.
 - Fimm hjúkrunarfræðingar eru á starfsþróunarári á hjartadeild 14EG og er ákveðnu verklagi fylgt til að styðja við þá á deildinni og skýra hlutverk og ábyrgð, hjúkrunarfræðinga, tengiliða, mentora og stjórnenda.
- Þjónusta
- Fræðslusíða hjartaeilda fyrir hjartasjúklinga leit dagsins ljós og eru áform um frekari þróun á efni hennar.
 - Fræðsluefni fyrir sjúklinga á Hjartagátt var endurskoðað.
 - Samstarf er komið á um gerð fræðsluefnis um hjartasjúkdóma á Heilsuveru.
 - Fjarheilbrigðisþjónusta er í mikilli þróun innan hjartaþjónustunnar. Meðlimir innan fagráðsins hafa tekið þátt í þróun og rannsókn á notkun Sidekick forritsins.
 - Unnið er að verklagi og flæðiriti á göngudeild Kransæðasjúklinga.
 - Göngudeild Kransæðasjúklinga er að útvíkka starfsemi til stærri sjúklingahóps inn hjarta- og æðakjarna.
 - Göngudeild hjartabilunar hefur unnið að endurskoðun hjúkrunarskráningar auk þess sem mikil áhersla hefur verið á Sidekick rannsóknarvinnu og fjarvöktun sjúklinga.
 - Haldið var námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í heimahjúkrun vegna hjartabilunarþjónustunnar.
 - Gæðaverkefni var unnið um stöðu og þarfir gáttatífssjúklinga fyrir fræðslu. Gerð fræðsluefnis er á lokastigi.
 - Hjartaþræðing þróaði starf hjúkrunarfræðings við æðaþræðingu í Fossvogi.
- Stöðugar umbætur
- Þátttaka meðlima í undirbúningsvinnu við hjúkrunarskráningu samkvæmt ICNP.
 - Meðlimir fagráðs voru með fjölmargar kynningar og málstofur á Lyflæknaþingi 2021 og Hjúkrun 2022.
 - Endurskoðaðar lyfjaleiðbeiningar eru nú aðgengilegar í tengli á Heilsugátt.
 - Gæðaskjöl - unnið hefur verið að gerð nýrra gæðaskjala á Hjartagátt og endurnýjun eldri.
- Birtingar:
- Fræðsluþarfir og sjúkdómstengd þekking einstaklinga með kransæðasjúkdóm: Þversniðsrannsókn við útskrift af sjúkrahúsi. Höfundar: Auður Ketilsdóttir, Hulda Halldórsdóttir, Kolbrún Sigurlásdóttir, Brynja Ingadóttir, Margrét Hrönn Svavarsdóttir

- Factors associated with family functioning in patients with heart failure and their family members: An international cross-sectional study. Höfundar: Shamali, M.; Konradsen, H.; Svavarsdóttir, E.K.; Shahriari, M.; Ketilsdóttir, A.; Østergaard, B.
- Integration of nursing services provided to patients with heart failure living at home: A longitudinal ethnographic study. Höfundar: Kristin Bjornsdóttir; Audur Ketilsdóttir; Margret Guðnadóttir; Inga V. Kristinsdóttir; Brynja Ingadóttir.
- Stjórn fagráðs hjartahjúkrunar var skipuð á fagráðsfundi 2. nóvember 2020. Meðlimir stjórnar eru: Auður Ketilsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, hjartadeild 14EG formaður, Guðríður Kristín Þórðardóttir sérfræðingur í hjúkrun, hjartadeild 14EG, ritari, Hulda Halldórsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, hjartadeild 14EG, Valdís Anna Gunnarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri, hjartagátt, Inga Valborg Ólafsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, hjartagátt, María V Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, hjartadeild 14EG og Hildur Rut Albertsdóttir hjúkrunarfræðingur, hjarta- og æðlaþræðingastofu.

Fagráð um ljósmæðraþjónustu

- Stjórn fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala hefur fundað tvisvar í mánuði veturinn 2021-2022.
- Þarfagreiningu fyrir sérfræðiljósmæður lauk í október 2021 og er gert ráð fyrir að 13 sérfræðiljósmæður þurfi að lágmarki til að svara þörfinni næstu fimm árin.
- Fagráðið hefur staðið fyrir málstofum sem kallast Rannsóknarkaffi í þrjú skipti. Þar er vettvangur fyrir ljósmæður í framhaldsnámi og/eða þær sem eru að vinna að rannsóknum til að kynna sín verkefni fyrir samstarfsfólki og fá umræður um þau. Erindin voru fjölbreytt og fjölluðu meðal annars um áhrif áfalla á upplifun fæðingar, fæðingarstofur, brjóstgjöf í heila öld, stuðning ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga við brjóstgjöf, mænurótardeyfingar og framköllun fæðingar.
- Hugmyndir að breytingum á undirbúningi fyrir sérfræðileysi fyrir ljósmæður voru til umfjöllunar hjá stjórn fagráðsins. Stefnt er að því að undirbúningur til sérfræðiréttinda verði með formlegri hætti en nú er. Undirbúningshópurinn samanstendur af fulltrúum úr hópi sérfræðiljósmæðra á Landspítala og Þróunarstofu íslenskrar heilsugæslu, ásamt fulltrúum frá Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands og Ljósmæðrafélagi Íslands. Áframhald verður á þessari vinnu í haust.
- Stjórnin hefur fjallað um og sent frá sér umsagnir, ályktanir o.fl. sem snertir fagið og barneignarþjónustu, m.a. um áhyggjur af ljósmæðraskorti og mönnun. Undirbúningur að gerð og innleiðingu sérhæfðra hæfniviðmiða innan ljósmæðraþjónustu er hafin og mun sú vinna halda áfram eftir sumarið.
- Nokkrir fundir hafa verið haldnir með stjórnendum innan barneignarþjónustu á Landspítala til að ræða hlutverk og aðkomu fagráðsins að þróun innan fagsins. Stefnt er að því halda þeim samræðum áfram og um leið að móta sameiginlega sýn á þróun ljósmæðraþjónustu innan spítalans.
- Hinn árlegi Ljósmæðradagur 5. maí var haldinn hátíðlegur að Nauthóli. Þema dagsins var starfsvettvangur ljósmæðra og voru erindi frá ljósmæðrum víðs vegar af landinu sem starfa innan eða utan hins opinbera við meðgönguvernd, fæðingarhjálp, sængurlegu og kynheilbrigði. Ljósmæðradagurinn er samvinnuverkefni Ljósmæðrafélags Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítala og Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar við Háskóla Íslands. Yfir 100 ljósmæður mættu og er það metþátttaka.
- Stjórn fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala skipa eftirfarandi aðilar: Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir, formaður, Bryndís Ásta Bragadóttir, sérfræðiljósmóðir, ritari, Helga Gottfreðsdóttir, prófessor, forstöðumaður fræðasviðs ljósmóðurfræða, varaformaður, Edda Sveinsdóttir, ljósmóðir með sérfræðileysi og Hallfríður Kristín Jónsdóttir, ljósmóðir í starfsnámi til sérfræðiréttinda.

Fagráð krabbameinshjúkrunar

- Fagráð krabbameinshjúkrunar fundaði að jafnaði 2-3 í mánuði starfsárið 2021-2022. Allir hjúkrunarfræðingar sem starfa í Krabbameinsþjónustu tilheyra fagráðinu en um 43 hjúkrunarfræðingar með framhaldsnám og í stjórnunarstöðum eru í sjálfu ráðinu og fá fundarboð mánaðarlega.
- Starfsáætlun fagráðsins tekur mið af [krabbameinsáætlunum](#), sýn og stefnu um almenna öryggisþætti, mannauð, umbætur og sérhæfða krabbameins- og líknarhjúkrun. Hún er í samræmi við starfsáætlun Krabbameinsþjónustukjarnans með skilgreindum árangursvísium.
- Lykilverkefni sem fagráðið vann að á árinu:
 - *Sjúklingafræðsla*. Fjögur námskeið voru fyrir hjúkrunarfræðinga í Krabbameinsþjónustukjarnanum með Brynju Ingadóttur frá Miðstöð sjúklingafræðslu. Unnið var með alla þætti í fræðsluferlinu. Þátttakendur, 36 frá öllum einingum kjarnans, voru sammála um mikilvægi þessa efla sjúklingafræðslu í framkvæmd, tíma og rými. Mikil þörf er á sjúklingafræðsluefni á fleiri tungumálum. Nú er allt skriflegt fræðsluefni sem var í krabbameinsdagbókinni ásamt ýmsu nýju efni komið undir fræðslugáttina í Meðveru í Sögu þaðan sem hægt er að prenta efnið út eða senda sjúklingum rafrænt í Heilsuveru. Sjúklingum býðst því að fá efnið útprentað í möppu eða á rafrænu formi í Heilsuveru.
 - [Rafræn samkiptagátt í Meðveru og Heilsuveru \(Heilsumeðvera\)](#). Eftir tækni- og notendaprófanir hófst innleiðing á 11BC í nóvember 2021 og vorið 2022 voru öll meðferðarteymi á deildinni farin að nota gáttina. Einnig hófst innleiðing á 10K og í Heru. Úr Meðveru er hægt að senda sjúklingum fræðsluefni, sinna eftirliti með líðan og einkennum sjúklinga í heimahúsum með matstækjunum ESAS og DT, og vera í skilaboðasamskiptum. Samhliða innleiðingu fór fram fýsileikarannsókn með tveimur meðferðarteymum og lauk gagnasöfnun hjá sjúklingum í byrjun júní 2022.
 - *Einkennamat sjúklinga (PRO's)*. Áhersla er lögð á efla einkennameðferð með markvissu einkennamati sjúklinga þar sem notuð eru stöðluð matstæki eins og DT og ESAS. Mikilvægt er að gera gögn um það sýnileg í vöruhúsi gagna, í rauntímamælum og á skjáborðum deilda. Unnið er að þeim málum og í júní 2022 var mögulegt að opna ESAS og DT á skjáborði deilda.
 - *Samtal um meðferðarmarkmið*. Verkefnið hófst formlega 1. maí 2021 og markmið þess er að innleiða samtal um meðferðarmarkmið á Landspítala. Von verkefnishópsins er að með því að opna reglubundið og fyrr á samtal um framtíðina og meðferðarmarkmið sé hægt að undirbúa sjúkling og aðstandendur fyrir samtal og ákvörðun um meðferðarstig þegar á þarf að halda. Ákveðið var að fara að bandarískri fyrirmynd frá Ariadne Labs í Boston sem heitir *Serious Illness Care Program* og felur í sér kerfisbundna skimun sjúklinga sem þurfa slíkt samtal, áminningu um samtal, viðtalsramma um samtalið sjálft, þjálfun heilbrigðisstarfsfólks, fræðslu til sjúklinga og aðstandenda auk skráningar í sjúkraskrá. Búið er að þýða og aðlaga viðtalsramma og fræðsluefni og í gangi er forprófun á notkun í HERU líknarheimþjónustu eftir að starfsfólk þar fékk stutta þjálfun í notkun rammans. Samvinna er við Embætti Landlæknis um gerð miðlægs snjókorns þar sem gert er ráð fyrir að niðurstaða úr slíku samtali sé skráð. Til stendur að fara í frekari innleiðingu í haust. Áhugasamar deildir og einingar um innleiðingu þessa verkefnis eru hvattar til að hafa samband við hópinn.
 - *Líknarmiðstöð* tók til starfa vorið 2021 með aðsetur í Kópavogi. Hún er stofnuð í kjölfar þess að heilbrigðisráðuneytið gaf út fimm ára aðgerðaráætlun um líknarþjónustu. Eitt af megnhlutverkum er að miðla þekkingu til fagstétta um líknarmeðferð, veita fagfólki ráðgjöf og stuðning, vinna að þróun almennrar líknarmeðferðar í samstarfi við heilsugæslu, heimahjúkrun og hjúkrunarheimili, jafnframt því að tryggja gæði þjónustu með klínískum leiðbeiningum, stöðluðu verklagi og árangursmælingum. Segja má að miðstöðin sé stofnuð kringum þær þjónustueiningar sem veita sérhæfða líknarmeðferð á Landspítala, þ.e. líknarráðgjafarteymið, líknardeild í Kópavogi og HERU líknarheimþjónustu.

- *Endurhæfingarteymi fyrir krabbameinsgreinda á Landspítala.* Teymið hóf störf árið 2011 og varð því 10 ára á árinu 2021. Teymið sinnir m.a. endurhæfingu einstaklinga sem greinast með HNE-krabbamein og þurfa að fara í krefjandi samsetta lyfja- og geislameðferð og þjónustu við háskamnta, auto- eigin stofnfrumuþega og allo-beinmergsþega.
- *Sérhæfð hæfniviðmið fyrir nýliða og nýliðafræðsla.* Fagráðið hóf vinnu við sérhæfð viðmið fyrir nýliða í krabbameinshjúkrun haustið 2021 undir leiðsögn Margrétar Ó Thorlacius. Unnið var með efnið á starfsdegi fagráðsins vorið 2022. Fræðsluefni fyrir nýliða var allt sett í *Eloomi* í kjölfar Covid og þar stendur til boða fjölbreytt efni innan krabbameins- og líknarhjúkrunar. Tveggja daga krabbameinslyfjanámskeið fyrir nýliða var haldið í byrjun maí 2022 með góðri þátttöku landsbyggðarinnar.
- *Unnið var áfram að því að efla endurhæfingar- og líknarþjónustu og kynlífsráðgjöf.* Fulltrúar fagráðs tóku þátt í vinnustofu um ICNP og ýmsum verkefnum á vegum Krabbameinsþjónustukjarnans. Á sviði kennslu og vísinda tók fagráðið þátt í diplómanámi við HÍ í krabbameinshjúkrun sem lýkur um áramót 2022. Nokkur rannsóknarverkefni eru í gangi og fjórir hjúkrunarfræðingar luku rannsóknartengdu framhaldsnámi í sérgreininni. Áfram er áhersla á fjölgun sérfræðinga í hjúkrun.
- *Verkefni á vegum stjórnenda krabbameinsþjónustukjarnans* eru mörg með aðkomu fagráðs. Dæmi eru um verkefni um öryggi sjúklinga, samstarf við heilsugæslu og heimahjúkrun, líðan starfsfólks og vottun krabbameins- og líknarþjónustu.
- *Rannsóknarverkefni sem meðlimir fagráðs unnu að:*
 - The iLIVE-Project: Living well, dying well. Viðtals- og ferilrannsókn.
 - Serious Illness Communication program- Innleiðing á meðferðarsamtali.
 - Development of an EORTC cancer survivorship assessment strategy. Mælitækjarannsókn með EORTC samtökunum.
 - Heilsumeðvera. Þróun rafrænna samskipta í þjónustu við sjúklinga með krabbamein. Innleiðing og fýsileikarannsókn.
 - Mín leið- mat á námskeiði fyrir konur sem hafa lokið meðferð við brjóstakrabbameini.
 - EORTC QLQ-BR45. Þýðing og forprófun.
 - NCI PRO-CTCAE. Þýðing og forprófun.
- *Nemarannsóknir 2021*
 - Þróun styrkleikamiðaðra meðferðarsamræðna við konur með krabbamein og maka þeirra og prófun á ávinningi af að styrkja aðlögun tengda kynlífi og nánd. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir PhD 2021
 - Próffræðilegir eiginleikar Oral Assessment Guide og einkenni sjúklinga sem fá geislameðferð á höfuð- og hálssvæði. Arnfríður Magnúsdóttir, MSc 2021
 - Lífsgæði sjúklinga sem fara í aðgerð vegna æxlis í lunga ári eftir aðgerð. Magna Jónmundsdóttir, MSc 2021
 - Forprófun EORTC QLQ-HDC20. Lífsgæði sjúklinga sem gangast undir háskamnta krabbameinslyfjameðferð með eigin stofnfrumuígræðslu. Anna Kristín B. Jóhannesdóttir MSc 2021
- *Sérfræðingar í hjúkrun.* Fjórtnán sérfræðingar í hjúkrun starfa innan krabbameinseiningarinnar og þar af voru þrír nýir ráðnir á árinu. Flestir eru með sérfræðingsleyfi í krabbameins- eða líknarhjúkrun, en einn er með

sérfræðingsleyfi í kynheilbrigði, einn í geðhjúkrun og einn í hjúkrun langveikra. Tveir hjúkrunarfræðingar voru í starfsnámi til sérfræðiréttinda.

- *Stjórn ráðsins skipa:* Þórunn Sævardóttir, deildarstjóri 11BC, Ragna Gústafsdóttir, deildarstjóri 11EG, Halla Grétarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Hrefna Magnúsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Kristín Lára Ólafsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðbjörg Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Svala B. Robertson, sérfræðingur í hjúkrun og Nanna Friðriksdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og formaður fagráðs.

STARFSÁÆTLUN 2021

FAGRÁÐ KRABBAMEINSHJÚKRUNAR

LANDSPÍTALI

LYKILÁHERSLUR

ÖRYGGISMENNING

- Efla og bæta mönnum hjúkrunar
- Efla áhættumat hjá sjúklingum fyrir: bylur, þrýstingsár, óráð, næringu, og fækka atvikum
- Efla skráningingu í snjókorn: ofnæmi, meðferðarstig
- Efla öruggar lyfjagjafir og fækka lyfjaatvikum
- Efla gagnreynda starfshætti og úttektir á hjúkrunarmæmum árangursvísam

ÞJÓNUSTA

- Efla sjúklingafræðslu og þátttöku krabbameinssjúklinga og aðstandenda í meðferð
- Efla markvisst mat á þörfum, sálfélaglegri líðan og einkennum krabbameinssjúklinga (PRO)
- Efla fjölskylduhjúkrun og samskipti við aðstandendur
- Efla hjúkrun sjúklinga með ólæknandi krabbamein og deyjandi sjúklinga
- Efla og auka aðgengi sjúklinga og aðstandenda að þjónustustjóra/teymisstjóra og sérfræðingum í hjúkrun

MANNAUÐUR

- Góð starfsaðlögun fyrir nýliða í hjúkrun og öflug starfsþróunarfræðsla
- Notkun hæfniviðmiða fyrir krabbameins- og líknarhjúkrun
- Fjelga þeim sem hafa sérþekkingu og sérfræðþekkingu í krabbameins- og líknarhjúkrun

STÖÐUGAR UMBÆTUR

- Sameining hjúkrunar 11E og 11G, 11B og 10K
- Þróa rafræna samskiptaátt Meðvera
- Efla þjónustukannanir á öllum þjónustustigum
- Efla mennta- og vísindastarf
- Skilgreina og efla notkun árangurs- og gæðavísa í krabbameins- og líknarhjúkrun

ÁRANGURSVÍSAR

	Staðan 2020	Markmið 2021
ÖRYGGISMENNING		
• % hjúkrunafræðinga á legudeildum / % hjúkrunafræðinga í starfslýsingu a/b/c/d/e		
• % sérfræðinga í hjúkrun		
• % sjúklinga með skráð áhættumat		
• % sjúklinga með skráð ofnæmi, meðferðarstig		
• Fjöldi hjúkrunarmæmra árangursvísa á skjáborðum deilda		
• Fjöldi skráðra atvika		
• Fjöldi gæðaskjala/verklagsregla um hjúkrun		
ÞJÓNUSTA		
• % sjúklinga finnst þeir hafa verið hafðir með í ráðum		
• % sjúklinga/aðstand ánægðir með samskipti við hjúkrunafræðinga		
• % sjúklinga/aðstand sem fá fræðsluþörfum mætt		
• % sjúklinga/aðstand sem fá fullnægjandi upplýsingar um einkenni og hættumerki		
• % sjúklinga/aðstand sem vita hvert á að hafa samband		
• % sjúklinga með ESAS amk einu sinni í tilteknum mánuði		
• % sjúklinga með styrk ESAS einkenna 3-6, ≥7 (velja einkenni) í tilteknum mánuði		
• % sjúklinga með DT mat amk einu sinni í tilteknum mánuði		
• % sjúklinga með DT skor 3-6 og ≥7 í tilteknum mánuði		
MANNAUÐUR		
• Fjöldi (%) nýliða ánægðir með aðlögun		
• Fjöldi (%) nýliða sem hafa lokið tilteknum/ öllum grunnnámskeiðum í Eloomi og Chemo		
• Fjöldi (%) hjúkrunafræðinga sem hafa metið sig á hæfniviðmiðum		
• Fjöldi sem hefur lokið diploma námi í krabbameins- og líknarhjúkrun		
• Fjöldi með meistara- eða PhD nám		
• Fjöldi sérfræðinga í hjúkrun í stöðum		
STÖÐUGAR UMBÆTUR		
• Fjöldi umbóta- og gæðaverkefna		
• Fjöldi rannsóknarverkefna		
• Fjöldi styrkja		
• Fjöldi árangurs- og gæðavísa og útkomur		

Myndin er frá starfsdegi fagráðs í maí 2022

Fagrað hjúkrunar á skurðstofu- og gjörgæslukjarna

- Faghópur gjörgæslu:
 - Áhersla faghóps gjörgæsluhjúkrunar starfsárið 2021 til 2022 beindist sérstaklega að fjölskylduhjúkrun á gjörgæsludeild.
 - Faghópurinn tók fyrir áhrif covid takmarkana á heimsóknir fjölskyldna til sjúklinga á gjörgæsludeildum Landspítala. Faghópurinn lagði fram tilmæli sem send voru deildarstjórum gjörgæsludeildanna um mikilvægi viðveru fjölskyldu á gjörgæsludeild fyrir bata gjörgæslusjúklings og sálræna líðan fjölskyldunnar.
 - Umræður faghópsins miðuðu í öðru lagi að því að greina hvaða stuðning fjölskyldur gjörgæslusjúklinga fá á gjörgæsludeildum ásamt innihaldi og umgjörð þess stuðning. Í kjölfarið hefur faghópurinn unnið að mögulegum úrbótum og mun halda þeirri vinnu áfram á næsta starfsári.
 - Þrír hjúkrunarfræðingar útskrifuðust með meistaragráðu í gjörgæsluhjúkrun 2022 og einn til viðbótar með MS gráðu í hjúkrunarfræði með áherslu á gjörgæsluhjúkrun og gerði eigindlega rannsókn (60 ECT) á líknar- og lífslokameðferð á gjörgæsludeild. Til viðbótar eru átta nemendur skráðir í meistaranám í gjörgæsluhjúkrun.
 - Hrönn Birgisdóttir hefur verið ráðin sem sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun frá 1. júlí 2022.
- Faghópur skurðhjúkrunar:
 - Síðastliðin tvö ár hefur viðbótardiplómanámið í skurðhjúkrun verið umfangsmesta verkefnið sem faghópur skurðhjúkrunar hefur haft með höndum. Námið tekur tvö ár og samsvarar 80 ECTS, þar af eru 50 ECTS bóklegt nám á meistarastigi en 30 ECTS eru klínískt nám á skurðstofum. Í maí 2022 luku 12 hjúkrunarfræðingar námi sem skurðhjúkrunarfræðingar og þar af eru 10 starfandi á skurðstofum Landspítala. Í ágúst 2022 munu síðan 15 hjúkrunarfræðingar hefja nám í skurðhjúkrun og því spennandi og annasamir tímar framundan. Tveir skurðhjúkrunarfræðingar luku meistaragráðu frá HÍ og tveir til viðbótar eru í yfirstandandi námi.
 - Faghópurinn hefur verið að undirbúa skráningu hæfniviðmiða í skurðhjúkrun á Landspítala. Sú vinna er þó ekki komin langt á veg en sem komið er en stefnt er að því að setja kraft í þá vinnu strax með haustinu. Þá er vinna í gangi við að uppfæra og samræma fræðslu- og kennsluefni vegna móttöku nýrra starfsmanna, bæði í Fossvogi og á Hringbraut.
 - Þá er afar ánægjulegt frá því að segja að tveir nýir sérfræðingar í skurðhjúkrun hafa verið ráðnir á Landspítala, þau Ragnheiður Jónsdóttir og Birgir Örn Ólafsson. Þeirra þekking og starfskraftar munu verða mikil styrking fyrir starf faghópsins og allt hið faglega starf á skurðstofum.
- Faghópur svæfingahjúkrunar:
 - Ellefu hjúkrunarfræðingar luku viðbótardiplómanámi á meistarastigi í svæfingahjúkrun í maí 2022 og mun jafn stór hópur hefja nám haustið 2022. Námið tekur tvö ár og samsvarar 80 ECTS, þar af eru 50 ECTS fræðilegt nám og 30 ECTS klínísk starfsþjálfun á svæfingadeildum sem telur 1700 stundir. Sú nýbreytni varð í vor að lokaverkefnið höfðu að markmiði samþættingu vísinda, klínískrar starfsemi og kennslu til starfsþróunar stéttarinnar. Verkefnið voru sérstaklega sniðin að áður útgefnum gátlistum á svæfingadeildum við bráðum upþökum á skurðstofum. Verkefnið voru tvíþætt og skiptust annars vegar í fræðilega úttekt og hins vegar í upptöku á fræðsluefni fyrir starfandi svæfingahjúkrunarfræðinga sem sett var á *Eloomi* námsvef Landspítalans. Tveir svæfingahjúkrunarfræðingar luku tveggja ára

viðbótarnámi í barnasvæfingum en námið er samvinnuverkefni háskólasjúkrahúsa í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ásamt því að efla faglega þjónustu við svæfingar barna eru markmið námsins að þróa sérgrein í barnasvæfingum innan svæfingahjúkrunar og samþætta námsleiðina á Norðurlöndunum. Svæfingahjúkrunarfræðingarnir starfa bæði á Landspítalanum í Fossvogi og á Hringbraut. Einn svæfingahjúkrunarfræðingur lauk meistaranámi frá Háskólanum á Akureyri og tveir eru skráðir í meistaranám á klínísku sérsviði svæfingahjúkrunar við HÍ.

- Vinnuleiðbeiningar fyrir svæfingar við mismunandi aðgerðir og aðgerðaflokka voru uppfærðar. Teymisstjórar innan hversrar sérgreinar fyrir sig halda utan um verkefni og uppfæra árlega m.t.t. nýjunga.
 - Unnið var að innleiðingu og flutningi á símainnritun svæfingahjúkrunarfræðinga fyrir svæfingar sjúklinga á Hringbraut, á nýja innskriftarmiðstöð á Hb 10E. Jafnframt var útbúið fræðslumyndband fyrir skjólstæðinga um aðgerðarferli sjúklinga í svæfingu.
 - Föstudagsfræðsla á deildum hefur verið vikulegur viðburður og innleidd s.k. „öryggisvakning vikunnar“ sem felur í sér að nýtt verkefni sem lýtur að öryggi sjúklinga er tekið fyrir vikulega og haft að leiðarljósi þá vikuna.
 - Hópur svæfingahjúkrunarfræðinga fékk kennslu við innleiðingu á CIS (CIS super users) og ORBIT (ORBIT super users) kerfunum og tóku að sér að leiðbeina samstarfsfólki á kerfin.
 - Unnið er að undirbúningi fyrir gerð hæfniviðmiða fyrir svæfingahjúkrunarfræðinga.
- Speglunardeild
 - Á starfsárinu hefur verið unnið að gerð hæfniviðmiða fyrir hjúkrunarfræðinga á speglunardeild og uppfærslu á gæðaskjólum.
 - Í stjórn fagráðsins eru dr. Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í svæfinga- og skurðhjúkrun, dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Eydís Ingvarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Margrét Marín Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur, Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur, Þórdís Borgþórsdóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í hjúkrun og Elín Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri. Fagráðsfundurir eru haldnir mánaðarlega en stjórnarfundir á tveggja vikna fresti.



Útskrift skurðhjúkrunarfræðinga



Útskrift svæfingahjúkrunarfræðinga

Fagráð í hjúkrun aðgerðasjúklinga

- Fagráðið skilaði og kynnti greinargerð um þörf fyrir sérfræðinga í hjúkrun innan hjúkrunar aðgerðasjúklinga til næstu fimm ára. Þar kom m.a. fram að sjö sérfræðingar í hjúkrun eru nú starfandi innan kjarna skurðlækningaþjónustu. Að auki eru tveir í stöðu deildarstjóra. Tveir hjúkrunarfræðingar hafa lokið starfsnámi til sérfræðingsréttinda og bíða leyfis/stöðu og einn er nú í starfsnámi. Þörf er talin vera fyrir 20 stöðugildi til viðbótar.
- Hjúkrunarfræðingar sem hafa áhuga á að feta þessa braut eru hvattir til að afla sér upplýsinga um hvar sérfræðiþekkingu helst vantar, gjarna áður en eða meðan á meistaranámi stendur. Frekari upplýsingar fást hjá stjórnarmönnum fagráðsins.
- Vinna er hafin við gerð sameiginlegra hæfniviðmiða sem eiga við flestar eða allar dag/legudeildir á skurðlækningakjarna. Nokkur viðmið hafa þegar verið skilgreind og unnin og heldur vinna við gerð þeirra áfram í haust.
- Málþing og kynningar:
 - Næsta málþing fagráðsins verður haldið 14. október 2022 á Center Hótel Plaza.
 - Opin kynning á öryggisvakningu vikunnar var haldin 12. maí. Tilgangur öryggisvakningar er að auka öryggi sjúklinga, fækka atvikum og styðja við aðra innleiðingu á borð við áhættumat þrýstingssára, byltur, öryggislista og óráð. Kynningin var tekin upp og geta áhugasamir fengið senda slóð til skoðunar og leiðbeiningar um hvernig má hefja innleiðingu á deildum.
 - Tölum um hjúkrun. Almennur umræðufundur um hvernig má efla hjúkrun aðgerðasjúklinga í víðu ljósi var haldinn í Fossvogi 18. okt og verður endurtekinn á Landspítala við Hringbraut í haust.
- Nokkur erindi voru á Hjúkrun 2022 sem tengdust viðfangsefnum aðgerðasjúklinga svo sem sjúklinga með lungnakrabbamein. Þá voru í vetur birtar nokkrar tímaritsgreinar um t.a.m.
 - Væntingar um fræðslu skurðsjúklinga: [Patients' expectations and experiences of provided surgery-related patient education: A descriptive longitudinal study](#), í Nursing Open í júní 2022.
 - Langtímaáhrif brunaáverka á heilsu fullorðinna: Lýsandi þversniðskönnun og forprófun spurningalista sem kom út í Læknablaðinu: <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2021/12/nr/7888>
 - Heilsutengd lífsgæði liðskiptasjúklinga: <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1878124120301416?via%3Dihub>
- Vorskólinn, árlegt námskeið fyrir nýráðna hjúkrunarfræðinga og nema á skurðlækningakjarna var haldinn 25. maí og sóttu 35 manns námskeiðið.
- Ýmis verkefni eru á döfinni s.s. áframhaldandi vinna við þau verkefni sem hafin eru og frekari kynningar, rannsóknir sem tengjast fræðasviði hjúkrunar aðgerðasjúklinga og gerð rafræns fræðsluefnis um meðferð skurðsára en Samtök um sárameðferð á Íslandi (SUMS) veittu til þess sérstakan styrk sl. haust.
- Stjórn fagráðsins hefur fundað reglulega, tvisvar í mánuði, í vetur og hafa flestir fundir farið fram á Teams. Stjórn fagráðsins skipa Katrín Blöndal, sérfræðingur í hjúkrun, Ingibjörg Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og hjúkrunardeildarstjóri, Kolbrún Kristiansen, sérfræðingur í hjúkrun, Kolbrún Gísladóttir, gæðastjóri, Steinunn Arna Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og hjúkrunardeildarstjóri, Erla Dögg Ragnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri og dr. Herdís Sveinsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs.

Fagráð hjúkrunarstjórnunar

- Fagráð hjúkrunarstjórnunar er vettvangur fyrir hjúkrunardeildarstjóra, sérfræðinga í hjúkrunarstjórnun, hjúkrunarfræðinga og fræðimenn á sviði hjúkrunarstjórnunar til að þróa og efla hjúkrunarstjórnun á Landspítala og telur fagráðið nú yfir 50 þátttakendur.
- Fagráðið vinnur að því að stuðla að velferð og öryggi sjúklinga og starfsmanna, þar sem menntun, sköpun og nýting þekkingar og auðlinda eru grundvöllur umhyggju og fagmennsku.
- Hlutverk fagráðs hjúkrunarstjórnenda er að:
 - Móta sýn og stefnu í hjúkrunarstjórnun á Landspítala.
 - Standa vörð um mikilvægt hlutverk hjúkrunarstjórnenda m.t.t. gæða hjúkrunar og öryggis sjúklinga og velferð starfsmanna.
 - Stuðla að heilbrigðu og eflandi vinnuumhverfi í hjúkrun.
 - Hafa frumkvæði að og taka þátt í innleiðingu og miðlun þekkingar, nýjunga og breytinga í hjúkrunarstjórnun.
 - Styðja við rannsóknir, þróun og nám í hjúkrunarstjórnun.
 - Hvetja og efla leiðtogaefni í hjúkrun. Vera framkvæmdastjóra hjúkrunar til ráðgjafar í málum er varða hjúkrunarstjórnun.
 - Efla samvinnu og tengsl við stjórnendur innan og utan Landspítala.
 - Taka virkan þátt í stefnumótun stjórnvalda, lögum og reglugerðum sem varða heilbrigðisþjónustu.
- Hádegisfundir fagráðs hjúkrunarstjórnunar: Á reglulegum fundum eru tekin fyrir viðfangsefni sem eru í deiglu. Fundirnir eru skipulagðir þannig að fyrst er stutt framsaga um viðfangsefnið og síðan opnar umræður. Eftirfarandi fundir voru haldnir 2021-2022:
 - Margrét Ó. Thorlacius: Hæfniviðmið fyrir hjúkrunarfræðinga
 - Guðrún Kristjánsdóttir: Starfsleyfi hjúkrunarfræðinga á Íslandi: Af hverju þarf að sækja um hjúkrunarleyfi, hvaða kröfur eru gerðar skv. reglugerð og hvernig er ferlið?
 - Hulda Pálsdóttir: Leiðtoganámskeið fyrir unga hjúkrunarfræðinga
 - Elísabet Guðmundsdóttir: Gagnagáttin og gögn fyrir stjórnendur í hjúkrun
 - Margrét Thorlacius: Mönnun og mönnunarlíkön
 - Helga Bragadóttir: Framhaldsnám í hjúkrunarstjórnun: Hvert skal stefna?
 - Kolbrún Gísladóttir: Nýi meðferðarkjarninn
 - Anna Tómasdóttir: Samstarf við Frú Ragnheiði: Verklag A-7, A-3, BM og VOR-teymis
 - Hrund Sch. Thorsteinsson: Erlendir hjúkrunarfræðingar
 - Álfheiður Sif Jónasdóttir og Lilja Rún Sigurðardóttir: Hjúkurnarleyfi þeirra sem eru með nám frá öðrum löndum
 - Sigríður Heimisdóttir: Rannsókn á líðan starfsfólks á tímum covid
 - Helga Bragadóttir: Framhaldsnám í hjúkrunarstjórnun: Hvað hefur áunnist, hvert stefnir og hverjir taka við?

- Fundir fagráðsins um erlenda starfsmenn hjúkrunar er mikilvægt viðfangsefni sem fagráð hjúkrunarstjórnunar mun halda áfram að vinna með á næstu misserum. Fjölbreytni í starfsmannaliði Landspítala fer vaxandi, sem er vel, og brýnt að starfsfólk sem kemur frá öðrum löndum fái viðhlítandi leiðsögn og sem bestan stuðning í starfi. Í þessu sambandi er bent á [nýlega grein](#) Hrundar Sch. Thorsteinsson í Tímariti hjúkrunarfræðinga.
- Hafi lesendur ábendingar um viðfangsefni sem á erindi við fagráð hjúkrunarstjórnunar, eru þeir beðnir um að senda þær á Helgu Bragadóttur, prófessor og deildarforseta HÍ og formanns Fagráðs hjúkrunarstjórnunar á Landspítala.
- Í stjórn fagráðsins sitja nú Berglind Ósk Birgisdóttir, aðstoðardeildarstjóri smitsjúkdómadeildar, Erla Dögg Ragnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri almennrar göngudeildar, Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Krabbameinsþjónustu, Ingibjörg Guðmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri HNE-, lýta- og æðaskurðeildar, Margrét Ó. Thorlacius, verkefnastjóri skrifstofu aðgerðasviðs og Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal, hjúkrunardeildarstjóri barna- og unglíngageðeildar og Helga Bragadóttir, prófessor og deildarforseti HÍ sem veitir fagráðinu forystu.

Fagráð hjúkrunar á lyflækningakjarna

- Fagráð hjúkrunar langveikra var endurreist í september 2021 fyrir tilstuðlan Guðlaugar R Guðjónsdóttur, Hildar Einarsdóttur og Berglindar Chu og var eitt af fyrstu verkefnum fagráðsins kosning á nýju nafni til að endurspegla hlutverk þess. **Nýtt nafn fagráðsins er fagráð hjúkrunar á lyflækningakjarna.**
- Alls eru í dag 59 meðlimir í fagráðinu, sérfræðingar í hjúkrun, deildarstjórar, aðstoðardeildarstjórar, hjúkrunarfræðingar með meistaranám og aðrir faglegir leiðtogar.
- Fagráðsfundir eru haldnir mánaðarlega og stjórnarfundir aðra hvora viku. Stutt fræðsluerindi eru á hverjum fagráðsfundi og hafa ýmsar kynningar á sviði rannsókna, gæðamála og á starfsemi göngudeilda átt sér stað í vetur.
- Eitt af fyrstu verkefnum fagráðsins var að fara í þarfagreiningu á sérfræðingum í hjúkrun og lauk þeirri vinnu í lok árs 2021. Helstu niðurstöður þeirrar greiningar er mikill skortur á sérfræðingum í hjúkrun á kjarnanum. Þá voru sjö sérfræðingar í hjúkrun en áætlað er að fimm þeirra hætti á næstu fimm til tíu árum. Alls vantar 26,5 stöður sérfræðinga við kjarnann á næstkomandi árum. Þetta er mikið áhyggjuefni og er nauðsynlegt að efla og styðja hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms.
- Önnur verkefni fagráðsins var vinna við gerð stefnu og starfáætlunar sem er í mótun. Fagráðið hélt vel heppnað málþing í Hringisal sem var streymt á fésbókarsíðu Landspítalans 28. apríl s.l., [sjá hér](#). Þar voru kynntar rannsóknarniðurstöður, gæðaverkefni og þróun nýrrar þjónustu. Einnig hélt fagráðið vorfræðslu fyrir nýtt starfsfólk í umönnunarstörfum á Meðferðarsviði 30. maí og var almenn ánægja með þá fræðslu skv. mati.
- Mörg verkefni eru í gangi á ýmsum deildum kjarnans og á fagráðið eftir að ná yfirsýn yfir þau en t.d. er í gangi sérhæfð *Dúódópa-meðferð Parkinsons sjúklinga* á göngudeild taugasjúkdóma, nýstofnuð *göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma* á Eiríksstöðum, *gæðaverkefni um lyfjagjafir Parkinsons sjúklinga*, *gæðaverkefnið „Endurhæfing á meðferðardeild“* og svo fór af stað glænýtt diplómanám „Sýkingavarnir og smitsjúkdómahjúkrun“ á vegum Hjúkrunarfræðideildar HÍ í samstarfi við Landspítalann haustið 2021. Í námsnefnd sitja Anna Tómasdóttir, Berglind G Chu og prófessor Helga Jónsdóttir. Mörg verkefni eru framundan og því spennandi tímar.
- Í stjórn fagráðsins sitja nú Berglind G Chu, sérfræðingur í hjúkrun formaður, Elín K Bjarnadóttir, aðstoðardeildarstjóri og Guðrún Bragadóttir, gæðastjóri, Sólveig J Haraldsdóttir, Magali Brigitte Mouy og Íris Gísladóttir, aðstoðardeildarstjórar. Hildur Einarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun er fráfarandi formaður en hún hætti störfum í mars 2022 og eru henni þökkud góð leiðtogastörf.



Kynning á málþingi fagráðs hjúkrunar á lyflækningakjarna.

Fagráð í öldrunarhjúkrun

- Haldinn var vinnufundur hjá fagráði í öldrunarhjúkrun 24. maí 2022. Á hann mætti hópur deildarstjóra, aðstoðardeildarstjóra, sérfræðingar í hjúkrun og forstöðumaður sem starfa við öldrunarþjónustu Landspítala. Á fundinum voru bæði fyrirlestrar og hópvinna. Rætt var um nýliðun fagfólks og festu í starfi á öldrunardeildum, hvernig best er að hlúa að þeim starfsmönnum sem starfa við öldrun og almennt um skipulagsform hjúkrunar á öldrunardeildum. Í hópavinnunni komu fram ýmsar góðar hugmyndir sem fagráðið mun vinna með áfram. Lögð var áhersla á að haldið verði vel utan um þá sem hefja starfa á öldrunardeildum bæði með fræðslu, reglulegum samtölum og að skilgreina mentor sérstaklega fyrir hjúkrunarfræðinga. Einnig var lagt til að fólk fengi tækifæri til að kynnst allri starfsemi öldrunardeilda með kynningardegi þar sem farið er á milli deilda til að auka samheldni og yfirsýn. Ennfremur að styðja hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða til að fara á ráðstefnur og námskeið og til frekara náms. Greina þarf hvað af störfum hjúkrunarfræðinga aðrir geta unnið. Þannig mætti nýta betur þekkingu hjúkrunarfræðinga og minnka álag. Teymisvinna var einnig rædd og mikilvægi þess að efla alla starfsmenn í réttum vinnubrögðum í teymisvinnu.
- Stjórn fagráðs í öldrunarhjúkrun skipa dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra og Sigrún Bjartmarz, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra.

Fagráð geðhjúkrunar

- Fagráð geðhjúkrunar var endurvakið 2021 en markmið starfsársins 2021-2022 var að skapa vettvang fyrir alla hjúkrunarfræðinga sem starfa við geðhjúkrun á Landspítala til að hittast og kynnst, læra hver af öðrum og sameinast um að efla og þróa geðhjúkrun, bæði á spítalanum og á landsvísu.
- Með það að leiðarljósi skipulagði stjórn fagráðs geðhjúkrunar 17 mismunandi viðburði á starfsárinu. Einu sinni í mánuði héldu hjúkrunarfræðingar kynningarerindi með aðstoð Teams þar sem umfjöllunarefnið var geðhjúkrun og umbótastarf á tiltekinni starfseiningu og sköpuðust áhugaverðar umræður í kjölfarið hverju sinni. Að auki stóð fagráðið fyrir rafrænu erindi þar sem Kristín Linda Hjartadóttir, APRN og DNP fræddi þátttakendur um „Hvað sérfræðingar í geðhjúkrun í Bandaríkjunum gera“.
- Í samstarfi við Fagdeild geðhjúkrunarfræðinga og Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga stóð fagráð geðhjúkrunar fyrir því að Dr. Lorraine M. Wright, fræðimaður á sviði fjölskylduhjúkrunar hélt erindi er um fjölskylduhjúkrun með áherslu á þjónustu við aldraða.

- Til að efla tengslanet geðhjúkrunarfræðinga enn frekar voru skipulagðar samverustundirnar „*Spjallað um geðhjúkrun*“. Þar hittast hjúkrunarfræðingar sem starfa við geðhjúkrun á Landspítala á kaffihúsi að kvöldlagi og ræða saman um allt sem viðkemur faginu og þróun þess.
- Þá hélt [Geðvarpið](#), sem er hluti af „[hlaðvarpsfjölskyldu Landspítala](#)“, áfram göngu sinni en markmið þess er að kynna og auka aðgengi almennings að umfjöllun um geðhjúkrun í allri sinni margbreytilegu mynd. Til að auka enn frekar á sýnileika og kynna geðhjúkrun fyrir landsmönnum fór fagráð geðhjúkrunar af stað með Instagram reikning [gedhjukrun fagråd](#). Þar hafa geðhjúkrunarfræðingar m.a sagt frá starfsemi og geðhjúkrun í DAM-teymi, bráðageðdeild, Geðrofs- og samfélagsteymi, barna- og unglingsgeðdeild sem og sett inn fréttir af ráðstefnum og heimsóknnum á erlendri grundu sem tengjast geðheilbrigði og geðheilbrigðisþjónustu á einn eða annan hátt.
- Hjúkrunarfræðingar og sérfræðingar í geðhjúkrun á Landspítala lögðu mikið af mörkum til kennslu og vísindastarfa á starfsárinu. Ráðstefnan Vísindadagur geðhjúkrunar var haldinn í samstarfi við háskólana og tók stjórn fagráðsins þátt í að undirbúa og skipuleggja fyrsta árlega [Geðdaginn](#), ráðstefnu á vegum geðþjónustu Landspítala þar sem kynntar eru rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við geðþjónustu á Íslandi. Þá hlaut Sylvía Ingibergsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun og doktorsnemi verðlaun fyrir veggspjald sitt á [Vísindum á vordögum 2022](#) og Margrét Eiríksdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun og doktorsnemi 1. m.kr styrk úr [Vísindasjóði Landspítala](#) fyrir doktorsrannsóknina: Tengsl bata og lífsgæða við þjónustu og meðferð einstaklinga sem takast á við alvarlega geðsjúkdóma.
- Stórt skref í framþróun geðhjúkrunar á Íslandi var stigið þegar í vor voru undirritaðir samningar um sameiginlegt [nýtt meistaranámi í geðhjúkrun](#) við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, geðþjónustu Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Námið samanstendur af 120 ECTS, 86 ECTS bóklegum námskeiðum frá Háskólanum á Akureyri eða Háskóla Íslands, og 14 ECTS klínískum námskeiðum með umsjón frá Háskóla Íslands og kenndum gegnum LSH. Um er að ræða tveggja ára meistaranám þar sem fyrra árið er klínískt nám í 12 launuðum sérnámsstöðum (10 á Landspítala og 2 á Sjúkrahúsinu á Akureyri) í 9 mánuði ásamt bóklegum námskeiðum kenndum í HÍ og HA. Það eru því 12 sérnámshjúkrunarfræðingar sem hófu þessa vegferð í lok ágúst 2022 og verður inntaka annað hvert ár í framhaldi.
- Stjórn fagráðsins skipa dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, formaður, Ingibjörg Margrét Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur, dr. Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor, Guðfinna Betty Hilmarsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, Marvi Gil, hjúkrunarfræðingur, Rannveig Þöll Þórsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Sandra Sif Gunnarsdóttir, deildarstjóri.